

# Endanlegir skilmálar

## OR020934 GB

gefnir út af Orkuveitu Reykjavíkur (LEI númer 5493004ARP9VPUIX5B73)  
í samræmi við 120.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa og víxla án eigendaábyrgðar  
dagsettan 27. febrúar 2023.

15. útgáfa flokks

Útgáfudagur verðbréfanna: 24. apríl 2024

Gengi við sölu verðbréfanna: 89,1430

(„verðbréfin“ eða „skuldabréfin“)

Þessir endanlegu skilmálar hafa verið gerðir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB. og verður að lesa þá í samhengi við grunnlýsingu útgefanda dagsetta 18. september 2023 og þá viðauka sem gerðir geta verið við grunnlýsinguna ásamt þeim skjölum sem felld eru inn í grunnlýsinguna eða viðaukana með tilvísun (einnig „grunnlýsingin“). Grunnlýsingin er birt í tengslum við 120.000.000.000 kr. útgáfuramma Orkuveitu Reykjavíkur.

Grunnlýsinguna og alla mögulega viðauka hennar er að finna á vefsíðu útgefanda, [www.or.is/um-or/fjarmal](#). Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og verðbréf útgefin af honum með því að lesa saman grunnlýsinguna, mögulega viðauka við grunnlýsinguna og þessa endanlegu skilmála. Þegar vísað er til „greinar“ í endanlegum skilmálum þessum er átt við viðkomandi grein í kafla 3 í grunnlýsingu útgefanda dags. 18. september 2023. Samantekt í tengslum við útgáfu verðbréfanna er að finna í hluta III í endanlegum skilmálum þessum.

## Hluti I: Skilmálar

### 1. Útgefandi

Orkuveita Reykjavíkur. Grein 1 gildir um verðbréfin.

### 2. Nafnverðseiningar, heildarheimild og gjaldmiðill

Grein 2 gildir um verðbréfin.

Útgáfugjaldmiðill verðbréfanna: ISK

Nafnverð útgáfu: 1.780.000.000,-.

Nafnverðseiningar: Verðbréfin eru gefin út í einingum sem hver er 1 kr. að nafnverði.

Áður útgefin verðbréfi í flokki: Áður hafa verið gefin út og tekin til viðskipta verðbréf að nafnverði 22.482.000.000,-

Heildarheimild flokks: Opin heimild. Útgefanda er því heimilt að stækka flokkinn upp að fyrrgreindu marki án þess að leita samþykkis frá eigendum verðbréfanna, en útgáfa nýrra verðbréfa er ávallt háð heimild frá stjórn útgefanda á hverjum tíma.

### 3. Útgáfuform

Grein 3 gildir um verðbréfin.

Verðbréfamistöð: Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi sem hlotið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamistöðvar, uppgjör og eignarskráningu fjármálagerninga („verðbréfamistöð“).

### 4. Upplýsingar um eigendur verðbréfanna

Grein 4 gildir um verðbréfin.

### 5. Greiðsluform

Grein 5 gildir um verðbréfin.

### 6. Verðtrygging

#### Verðtrygging:

Skuldabréfin eru verðtryggð og gilda greinar 6.1 og 6.1(a) um þau.

Grunnvísitölugildi: 468,84333 þann 2. september 2019, dagvísitala.

### 7. Vextir

Grein 7.1 gildir um skuldabréfin. Greiðsla vaxta skal vera á 6 mánaða fresti, fyrir undangengið vaxtatímabil, í fyrsta sinn þann 2. mars 2020 og í síðasta sinn á lokagjalddaga þann 2. september 2034.

Form vaxta: Fastir vextir og gildir grein 7.2 um skuldabréfin.

#### Fastir vextir:

Fastir ársvextir eru 1,70%.

Ef skuldabréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði, innan 6 mánaða frá útgáfudegi skuldbréfanna eða ef þau verða tekin úr viðskiptum á skipulegum markaði, þá hækka vextir skuldbréfanna sjálfkrafa frá þeim tímapunkti um 1 prósentustig (100 punkta), eða í 2,70% fasta vexti á ári. Grein 7.4 gildir um skuldabréfin.

Fyrsta vaxtatímabil hefst á útgáfudegi og lýkur degi fyrir fyrsta vaxtagjalddaga. Vaxtatímabil frá og með öðru tímabili er 6 mánuðir. Grein 7.5 gildir um skuldabréfin.

Dagregla: 30E/360. Grein 7.6 gildir um skuldabréfin.

### 8. Endurgreiðsla höfuðstóls

Endurgreiðsla höfuðstóls: Jafnar greiðslur og gilda greinar 8.2 og 8.2.(a) um skuldabréfin.

Fjöldi og tíðni afborgana: 30 á 6 mánaða fresti og allt fram til lokagjalddaga.

Fyrsta greiðsla afborgana: 2. mars 2020.

Lokagjalddagi: 2. september 2034.

Uppgreiðsluheimild: Grein 8.5 gildir um skuldabréfin og er uppgreiðsluheimild því ekki fyrir hendi.

## **9. Kröfur jafnréttháar (e. pari passu)**

Grein 9 gildir um skuldabréfin.

## **10. Bann við veitingu tryggingarréttinda**

Grein 10 gildir um skuldabréfin.

## **11. Löggjöf um útgáfuna**

Grein 11.(a) gildir um skuldabréfin.

## **12. Sérstök yfirlýsing**

Eftirfarandi staflíðir greinar 12 gilda um skuldabréfin: A, B, C, D, E, G, H.

## **13. Vanefndir**

Grein 13 gildir um skuldabréfin.

## **14. Sérstakar gjaldfellingarheimildir**

Eftirfarandi staflíðir greinar 14.1 gilda um skuldabréfin: A, B, þar sem viðmiðunarfjárhæðin er kr. 2.000.000.000 en sú fjárhæð er bundin verðtryggingarvísitölunni, með sama grunnvísitölugildi og höfuðstóll skuldabréfanna á útgáfudegi, og breytist hún með sama hætti frá einum tíma til annars og höfuðstóll skuldabréfanna., C þar sem fyrsti útreikningur á grundvelli birtingar ársreiknings skal vera fyrir árið 2019 og síðast fyrir árið 2033 og fyrsti útreikningur á grundvelli birtingar fjárhagsáætlunar skal vera fyrir árið 2020 og síðast fyrir árið 2034, D þar sem fyrsti útreikningur á grundvelli birtingar ársreiknings skal vera fyrir árið 2019 og síðast fyrir árið 2033 og fyrsti útreikningur á grundvelli birtingar fjárhagsáætlunar skal vera fyrir árið 2020 og síðast fyrir árið 2034, E, F, G, H, I, J, L þar sem frestur til töku til viðskipta á skipulegum markaði skal vera innan 6 mánaða frá útgáfu. Jafnframt gildir grein 14.2 um skuldabréfin.

## **15. Skilmálabreyting**

Grein 15 gildir um skuldabréfin og telst samþykki eigenda að lágmarki 66,67% skuldabréfanna vera „almennt samþykkishlutfall“ en samþykki eigenda 90% skuldabréfanna telst „aukið samþykkishlutfall“.

## **16. Ágreiningsmál**

Grein 16 gildir um verðbréfin.

## **17. Hlunnindi**

Grein 17 gildir um verðbréfin.

## **18. Skattaleg meðferð**

Grein 18 gildir um verðbréfin. Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir, samanber 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Eigendur verðbréfanna bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagnstekna sinna af verðbréfunum

## **19. Græn skuldabréf**

Grein 19 gildir um skuldabréfin. Dagsetning græna fjármögnunarrámmans er nóvember 2021.

## **20. Sérstök skilyrði**

Grein 20 gildir um skuldabréfin.

## **21. Eigin bréf**

Grein 21 gildir um skuldabréfin.

## Hluti II: Aðrar upplýsingar

<b>1.</b>	<b>Skráning og taka til viðskipta</b>	
	Skráning og taka til viðskipta:	Öll þegar útgefin verðbréf í flokknum IS0000031417 eru þegar í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Óskað verður eftir að aukning verðbréfaflokksins að nafnvirði 1.780.000.000,- verði einnig tekin til viðskipta á sama markaði. Útgefandi mun óska eftir töku til viðskipta.
	Fyrsti mögulegi viðskiptadagur:	24. apríl 2024
	Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum (viðskiptavakar) ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins:	Arion Banki hf., Íslandsbanki hf., Kvika banki hf. og Landsbankinn hf. sjá um viðskiptavakt með skuldabréfin. Viðskiptavakar skuldbinda sig til að setja fram dag hvern, kaup- og sölutilboð í skuldabréfin. Tilboð skulu vera að lágmarki 20 m. kr. að nafnverði og skal hámarksmunur milli kaup- og sölutilboða vera mest 1,0%. Viðskiptavakar skulu endurnýja tilboð sín eigi síðar en 15 mínútum frá því að þeim hefur verið tekið.
	Ráðgjafar í tengslum við útgáfu:	Fossar fjárfestingarbanki hf. hefur umsjón með frumsölu skuldabréfanna og töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.
<b>2.</b>	<b>Upplýsingar um hagsmuni sem tengjast útgáfunni, þ.m.t. hugsanlega hagsmunaárekstra</b>	
	Að undanskildum kostnaði greiddum til Fossa fjárfestingarbanka hf. er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu verðbréfaflokksins.	
<b>3.</b>	<b>Ástæður fyrir útboði, áætlaður heildarkostnaður og áætlað nettósöluandvirði útboðs eftir því sem við á</b>	
	Ástæða fyrir útboði/sölu:	Fjármögnunaráætlun ársins. Skuldabréfin eru gefin út sem svokölluð „græn skuldabréf“ í þeim tilgangi að fjármagna græn verkefni í samræmi við ramma Orkuveitu Reykjavíkur um græn skuldabréf, Reykjavík Energy Green Bond Framework. Græni ramminn er birtur á heimasíðu OR <a href="http://www.or.is/">http://www.or.is/</a> .
	Áætlaður heildarkostnaður útgefanda:	4 m.kr.
	Áætlað nettósöluandvirði:	1.522 m.kr.
	Áætluð notkun ágóða:	Fjármögnun grænna verkefna í samræmi við grænan ramma Orkuveitu Reykjavíkur um græn skuldabréf, Reykjavík Energy Green Financing Framework.
<b>4.</b>	<b>Ávöxtunarkrafa</b>	
	Ávöxtunarkrafa við frumsölu:	4,02%
<b>5.</b>	<b>Upplýsingar um undirliggjandi þætti eftir því sem við á</b>	
	Lýsing á undirliggjandi viðmiðunarvöxtum:	Á ekki við.
	Lýsing á verðtryggingavísitölu:	Vísitala neysluverðs, birt af Hagstofu Íslands á vefsíðu <a href="http://www.hagstofa.is">www.hagstofa.is</a> .
<b>6.</b>	<b>Heimild til útgáfu</b>	
	Orkuveita Reykjavíkur getur, með heimild frá stjórn útgefanda, gefið út skuldabréf og víxla samtals að útistandandi fjárhæð allt að 120 ma.kr. á hverjum tíma, í samræmi við ákvæði þess útgáfuramma sem lýst er í grunnlýsingu þessari, að því gefnu að fyrir liggja gild eða uppfærð grunnlýsing.	

	Verðbréfin hafa öll verið seld og er gjalddagi á greiðslu fyrir þau þann 24. apríl 2024.	
<b>7.</b>	<b>Auðkenni</b>	
	ISIN númer:	IS0000031417
	CFI númer:	DBFUFRR
	FISN númer:	ORKUVEITA REYKJ/1.7 BD 20340902
	Auðkenni:	OR020934 GB
<b>8.</b>	<b>Lánshæfismat</b>	
	Ef við á skal tilgreina lánshæfiseinkunn verðbréfanna og veita stutta skýringu á merkingu lánshæfiseinkunnar:	Á ekki við.
<b>9.</b>	<b>Upplýsingar frá þriðja aðila</b>	
	Ef upplýsingum í endanlegum skilmálum þessum hefur verið aflað frá þriðja aðila staðfestir útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.	Upplýsingar í grunnlýsingunni byggja ekki á yfirlýsingum utanaðkomandi sérfræðinga eða þriðja aðila, öðrum en opinberum upplýsingum sem birtar hafa verið af opinberum aðilum.
<b>10.</b>	<b>Tilkynning um viðkomandi grunnlýsingu</b>	
	Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur verið um viðkomandi grunnlýsingu.	Á ekki við.

## F.h. Orkuveitu Reykjavíkur

19. apríl 2024

---

Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri

## Hluti III: Samantekt

Samantekt þessi er útbúin í samræmi við 7. gr. lýsingarreglugerðarinnar 2017/1129 og 9. gr. framseldrar reglugerðar 2019/979. Var umrædd reglugerð ESB innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útbóði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Samantektin inniheldur alla þá liði sem fram skulu og mega koma í samantekt samkvæmt framangreindum lagaákvæðum.

### Inngangur og varnaðarorð

Samantekt þessa skal lesa sem inngang að grunnlýsingu dagsettri 18. september 2023 ásamt endanlegum skilmálum dagsettum 19. apríl 2024, útgefnum af Orkuveitu Reykjavíkur. („útgefandi“ eða „móðurfélag“), sem varða tiltekin skuldabréf og/eða víxla útgefin af Orkuveitu Reykjavíkur sem gefa má út í samræmi við 120.000.000.000 kr. útgáfuramma.

Auðkenni verðbréfanna er OR020934 GB og er ISIN-númer þeirra IS0000031417. Útgefandi er Orkuveita Reykjavíkur, kt. 551298-3029, og viðskiptaheiti hans er jafnframt OR. Tölvupóstfang er or@or.is og símanúmer +354 516 6100. LEI auðkenni útgefanda er 5493004ARP9VPUIX5B73.

Framangreint fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfavíðskipti, sbr. lög nr. 14/2020 sem veittu ákvæðum reglugerðar (ESB) 2017/1129 lagagildi hér á landi með aðlögunum skv. 2. gr. laganna. Ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum útgefanda skal ekki tekin á grundvelli þessarar samantektar einvörðungu, heldur byggja á mati fjárfestisins á lýsingunni í heild. Vakin er athygli á því að fjárfestir kann að tapa allri eða hluta af fjárfestingu sinni og vísast til kafla um áhættuþætti í lýsingunni hvað þá áhættu varðar. Athygli er vakin á að ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í grunnlýsingu útgefanda gæti fjárfestir sem er stefnandi þurft, samkvæmt landslögum, að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málareksturinn hefst. Athygli er vakin á að einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina, þ.m.t. þýðingu hennar, og einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, í samhengi við aðra hluta lýsingarinnar, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta þegar þeir íhuga hvort fjárfesta skuli í slíkum verðbréfum.

Það lögþæra yfirvald sem staðfestir lýsinguna er Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið). Símanúmer Fjármálaeftirlitsins er +354 569 9600 og tölvupóstfang er fme@sedlabanki.is.

### Lykilupplýsingar um útgefandann

#### 2.1. Hver er útgefandi verðbréfanna?

Lögheiti útgefanda er Orkuveita Reykjavíkur en viðskiptaheiti útgefanda er jafnframt OR. Tölvupóstfang er or@or.is og símanúmer +354 516 6100. Útgefandi er skráður á Íslandi með kennitölu 551298-3029 og lögheimili að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, Íslandi. LEI kóði útgefanda er 5493004ARP9VPUIX5B73.

Útgefandi er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur og reglugerðar 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum. Með lögum nr. 58/2008 um breytingar á raforkulögum nr. 65/2003 var útgefandinn skyldaður til félagsaðskilnaðar á sérleyfis- og samkeppnishluta raforkustarfseminnar. Um starfsemi útgefanda og dótturfélög hans gilda m.a. orkulög nr. 58/1967, raforkulög nr. 65/2003, reglugerð 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga, lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga, lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, reglugerð nr. 982/2010 um fráveitur sveitarfélaga, svo og lög nr. 81/2003 um fjarskipti.

Orkuveita Reykjavíkur er útgefandi og er móðurfélag samstæðunnar. Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur veitir þjónustu í gegnum dótturfélög þess sem öll eru í eigu móðurfélagsins. Helstu rekstrarfélög samstæðunnar, þar sem kjarnastarfsemi samstæðunnar fer fram, eru Orka náttúrunnar ohf. og Veitur ohf. sem móðurfélagið á í gegnum eignarhaldsfélagið OR eignir ohf., OR Vatns- og fráveita sf., Ljósleiðarinn ehf. og CarbFix ohf. Orkuveita Reykjavíkur telst eining innan samstæðu Reykjavíkurborgar. Allur rekstur og þar með tekjumyndun samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur á sér stað í dótturfélögum.

Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu, rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig þá starfsemi aðra sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni, enda tengist verkefnið kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur að eiga dótturfélög og hlut í öðrum

félögum. Orkuveita Reykjavíkur veitir þjónustu í gegnum dótturfélögin Veitur, Orku náttúrunnar og Ljósleiðarann en þau sjá einstaklingum og fyrirtækjum fyrir vatni, rafmagni, fráveitu og gagnaflutningi. Hefðbundin veituþjónusta nær til 22 sveitarfélaga á sunnan- og vestanverðu landinu og veitir um 75% íslensku þjóðarinnar þjónustu. Orkuveita Reykjavíkur á og rekur þrjár virkjanir, þ.e. jarðgufuvirkjanirnar á Nesjavöllum og Hellisheiði ásamt vatnsaflsvirkjun í Andakílsá í Borgarfirði. Uppsett afl í varma og rafmagni þessara virkjana er samtals um 864 MW.

Útgefandi er í eigu Reykjavíkurborgar (93,539%), Akraneskaupstaðar (5,528%) og Borgarbyggðar (0,933%). Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald en að framan greinir eða að honum sé stjórnað af öðrum aðilum.

Formaður stjórnar útgefanda er Dr. Gylfi Magnússon og varaformaður stjórnar er Vala Valtýsdóttir. Meðstjórnendur eru Skúli Helgason, Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson og Valgarður Lyngdal Jónsson. Áheyrnarfulltrúi Borgarbyggðar er Guðveig Lind Eyglóardóttir og áheyrnarfulltrúi Starfsmannafélags OR er Unnur Líndal Karlsdóttir. Forstjóri útgefanda er Sævar Freyr Þráinsson. Framkvæmdarstjórar útgefanda eru Benedikt Kjartan Magnússon, Hera Grímsdóttir og Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir. Framkvæmdastjórar dótturfélaga eru Sólrún Kristjánsdóttir (framkvæmdastýra Veitna ohf.), Dagný Jóhannesdóttir (starfandi framkvæmdastýra Ljósleiðarans ehf.), Árni Hrannar Haraldsson (framkvæmdastjóri Orku Náttúrunnar ohf.) og Edda Sif Pind Aradóttir (framkvæmdastýra CarbFix ohf.)

Endurskoðandi útgefanda er Grant Thornton endurskoðun ehf., kennitala 430190-1999, Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík. Davíð Arnar Einarsson og J. Sturla Jónsson, endurskoðuðu og árituðu ársreikninga samstæðunnar fyrir árin 2020, 2021 og 2022. Þeir eru meðlimir í félagi löggiltra endurskoðenda. Engir hlutir í útgefanda eða tengdar afleiður eru í eigu Grant Thornton endurskoðunar ehf. eða fulltrúa þeirra sem annast endurskoðun útgefanda.

## 2.2. Helstu fjárhagsupplýsingar um útgefandann

Fjárhæðartölur eru gefnar upp í þúsundum króna.

Tafla 1 - Rekstrarreikningur

	2022	2021	2020
Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu	35.744.846	33.509.530	29.454.196

Tafla 2 – Efnahagsreikningur<sup>1</sup>

	2022	2021	2020
Nettó vaxtaberandi skuldir	153.753.300	140.700.828	141.672.527
Veltufjárhlutfall (veltufjármunir/skammtímaskuldir)	1,1	1,3	1,3
Vaxtaþekja ((Handb.fé frá rekstri – greiddir vextir)/greiddir vextir)	6,2	6,8	5,7

Tafla 3 – Sjóðsstreymisfirlit

	2022	2021	2020
Handbært fé frá rekstri	23.682.219	25.581.917	23.152.033
Fjármögnunarhreyfingar	(9.434.625)	(13.988.229)	(4.609.429)
Fjárfestingarhreyfingar	(17.966.001)	17.072.056)	(20.826.279)

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda eða samstæðunnar frá endurskoðuðum ársreikningi félagsins fyrir árið 2022. Engar mikilvægar breytingar aðrar hafa orðið á fjárhags-

<sup>1</sup> Tölur fengnar með útreikningum út frá fjárhæðum í efnahags- og rekstrarreikningi.



eða viðskiptastöðu útgefanda eða samstæðunnar frá dagsetningu síðustu reikningsskila félagsins 14. mars 2023. Áritun ársreikninga 2022, 2021 og 2020 voru án fyrirvara.

### 2.3. Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir útgefandann

Áhættuþættir þeir sem útgefanda er kunnugt um og telur að eigi sérstaklega við um útgefanda og dótturfélög hans og gætu haft áhrif á virði verðbréfa útgefnum af útgefanda:

*Kjarnaáhætta*, sem fylgir kjarnastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur: Áhætta tengd hita-, vatns-, rafmagns-, frá- og gagnaveitu. Áhætta við orkuframleiðslu og – sölu. Samkeppni á kjarnasviðum.

*Fjárhagsleg áhætta*, sem skv. áhættustefnu skal vera stýrt: *Markaðsáhætta*, þ.e. áhrif markaðssveiflna (gengissveiflur, erlent og innlent vaxtastig, verðlagsþróun, vaxtaálag á álverð) á fjárhagslegan styrk útgefanda.

*Lausafjáráhætta*, þ.e. geta útgefanda til að mæta skuldbindingum og grípa tækifæri, varðar rekstrarútgjöld, afborganir af lánum, fjárfestingar og samsetningu eignasafns. *Mótaðilaáhætta*, þ.e. áhrif hugsanlegra vanskila viðskiptavina á útgefanda, varðar stærð einstakra viðskiptavina, einsleita hópa viðskiptavina, innheimtuúrræði og endurheimtur.

*Rekstraráhætta*, sem skv. áhættustefnu skal draga úr: Áhrif áfalla og ófyrirséðs tjóns á fjárhag Orkuveitu Reykjavíkur, varða bilanir í dreifi-, stjórn- eða eftirlitskerfum, mistök og svik, regluverk og lögsóknir, náttúrhamfarir og orðspor.

## Lykilupplýsingar um verðbréfin

### 3.1. Helstu eiginleikar verðbréfanna

Auðkenni verðbréfanna er OR020934 GB og er ISIN númer þeirra IS0000031417. Skuldabréfin eru verðtryggð.

Þann 24. apríl 2024 eru gefin út skuldabréf að nafnverði 1.780.000.000,- kr. en áður hafa verið gefin út og tekin til viðskipta skuldabréf að nafnverði 22.482.000.000,- kr. Er heildarheimild til útgáfu skuldabréfa í þessum flokki opin. Skuldabréfin eru gefin út í 1. kr. nafnverðseiningum og eru gefin út í íslenskum krónum.

Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi., kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi (einnig „verðbréfamiðstöð“).

Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Eignaskráning rafbréfa hjá verðbréfamiðstöð veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður að. Er reikningsstofnunum eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim.

Kröfur skuldabréfaeigenda á hendur útgefanda skulu jafnréttáar öðrum ótryggðum skuldbindingum útgefanda öðrum en víkjandi kröfum og skuldbindingum sem njóta lögmælt forgangs.

Komi til fyrirframreiðslu annarra lána útgefanda er skuldabréfaeigendum heimilt við ákveðin skilyrði að krefjast fyrirframreiðslu í sama hlutfalli.

Útgefanda, og öðrum aðilum innan samstæðu hans öðrum en Ljósleiðaranum, er óheimilt að veita tryggingarréttindi.

Gjaldfellingar skuldabréfaflokksins, skv. heimildum í skilmálum hans, eru háðar samþykki að lágmarki 25% skuldabréfaeigenda, miðað við fjárhæð.

Til breytinga á skuldabréfaflokknum þarf samþykki útgefanda og að lágmarki 66,67% eða 90% skuldabréfaeigenda miðað við fjárhæð, eftir eðli breytinganna.

Engin hlunnindi eru tengd verðbréfunum umfram það sem skilmálar þeirra segja til um.

Höfuðstóll verður endurgreiddur með 30 jöfnum greiðslum, á 6 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 2. mars 2020 og allt fram til lokagjalddaga 2. september 2034.

Höfuðstóll er bundinn vísitölu neysliverðs til verðtryggingar og miðuð við grunnvísitölugildið 468,84333 þann 2. september 2019.

Útgefanda er óheimilt að umframreiða verðbréfin á líftíma verðbréfanna.

Greiðsla vaxta skal vera á 6 mánaða fresti og allt fram til lokagjalddaga, í fyrsta sinn þann 2. mars 2020. Af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, greiðast 1,70% fastir ársvextir. Útreikningur vaxta skal framkvæmdur miðað við dagaregluna 30E/360.

Vanefni útgefandi greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum ber honum að greiða dráttarvexti.

### 3.2. Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?

Óskað verður eftir að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland sem er skipulegur markaður í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Ekki er gert ráð fyrir að sótt verði um töku skuldabréfanna til viðskipta á öðrum skipulegum mörkuðum.

### 3.3. Er verðbréfin með ábyrgð?

Á ekki við.

### 3.4. Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin

**Almenn áhætta verðbréfa:** Fjárfesting í skuldabréfum og víxlum er áhættusöm og þrátt fyrir að standa frammar í röð kröfuhafa en til að mynda eigendur hlutabréfa, geta eigendur skuldabréfa og víxla tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í verðbréfunum, að heild eða hluta. Fjárfesting í skuldabréfum og víxlum felur einnig í sér markaðs-, seljanleika- og mótaðilaáhættu og ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfestingin muni reynast arðsöm.

**Endurgreiðsluáhætta:** Útgefandi gæti lent í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt lausafé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla í gjalddaga.

**Markaðsáhætta:** Verðmæti verðbréfanna getur rýrnað vegna breytinga á mörkuðum, m.a. á ávöxtunarkröfu. Seljanleikaáhætta felst í að fjárfestar geta mögulega ekki selt verðbréfin þegar vilji stendur til og á því verði sem þeir vænta. Þó verðbréfin verði tekin til viðskipta á skipulegum markaði er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan markað með verðbréfin.

**Verðbólguáhætta** verðtryggðra skuldabréfa felst í að breytingar á verðtryggingarvísitölu geta haft áhrif á virði skuldabréfanna.

**Vaxtaáhætta:** Markaðsvirði verðbréfa með föstum vöxtum lækkar að öllu öðru jöfnu ef fjárfestar telja sig geta fengið betri ávöxtun af annarri fjárfestingu.

**Uppgjörsáhætta** í tengslum við verðbréfin felst í því að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að mótaðili greiðir ekki eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma.

Fjárfestar standa frammi fyrir þeirri áhættu að óveðtryggðar kröfur þeirra á hendur útgefanda njóta ekki sérstakra trygginga í eignum útgefanda.

Áhætta er fólgin í að eigendur skuldabréfanna hafa ekki einhliða rétt til að gjaldfella skuldabréf sín ef gjaldfellingarheimild skuldabréfaeigenda virkjast skv. ákvæðum skuldabréfanna, heldur er gjaldfelling háð samþykki tilskilins hluta skuldabréfaeigenda.

Breytingar á skilmálum eru háðar samþykki tilskilins hlutfalls verðbréfaeigenda, svo ekki er víst að breytingar sem eigandinn veitir samþykki sitt fyrir, nái fram að ganga.

**Lagaleg áhætta:** Lög sem gilda um verðbréfavíðskipti og útgáfu verðbréfanna kunna að breytast með neikvæðum afleiðingum fyrir rekstur útgefanda.

## Lykilupplýsingar um töku til viðskipta á skipulegum markaði

### 4.1. Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?

Á ekki við.

### 4.2. Hver er tilboðsgjafinn og/eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta

Sá aðili sem óskar eftir töku verðbréfanna til viðskipta er útgefandinn, Orkuveita Reykjavíkur.

### 4.3. Hvers vegna er þessi lýsing gerð?

Ástæða fyrir töku til viðskipta: Verið er að stækka áður útgefin flokk skuldabréfa OR020934 GB og óskað verður eftir því að hin nýju bréf verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Notkun nettófjárhæð ágóðans: Tilgangur útgáfunnar er að fjármagna þau fjölmörgu grænu verkefni sem eru á döfinni hjá OR og dótturfyrirtækjunum – Veitum og Orku Náttúrunnar. Má þar nefna; orkuvinnslu úr endurnýjanlegum orkugjöfum, svo sem raforkuvinnslu og stækkun hitaveitna, vatnsvernd og eflingu fráveitna, snjallvæðingu veitukerfa og metnaðarfull kolefnisbindingarverkefni.

Áætluð nettófjárhæð ágóðans 1.522 m.kr.

Að undanskildum kostnaði greiddum til Fossa fjárfestingarbanka hf. er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu skuldabréfanna.